

Capecitabine

Krabbameinslyfjameðferð

Krabbameinslyfið capecitabine er í töfluformi.

Meðferðaryfirlit

Capecitabine töflurnar eru teknar inn tvisvar á dag í tvær vikur og síðan er vikuhlé. Ef aukaverkanir eru miklar getur þurft að breyta áætlun. Mælt er með að kyngja töflunum heilum með vatnsglasi fljótlega eftir morgunmat og kvöldmat, með um 12 klukkustunda millibili. Það má ekki að mylja, bryðja eða leysa lyfið upp. Láta þarf vita ef erfitt er að kyngja töflum.

Læknir eða hjúkrunarfræðingur hafa samband við þig við upphaf hvernar lotu til að meta líðan þína og yfirfara blóðrannsóknir.

Capecitabine	1. vika							2. vika							3. vika						
Dagur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21
Capecitabine töflur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x							
Blóðsýnataka																					

Blóðrannsóknir

Nauðsynlegt er að fara í blóðsýnatöku daginn fyrir hverja meðferðarlotu svo hægt sé að meta blóðgildin áður en meðferð hefst. Ef blóðgildin eru utan viðmiðunarmarka getur þurft að fresta meðferð um nokkra daga.

Stoðlyf

Ógleði eða uppköst eru ekki algengar aukaverkanir þessa lyfs. Ef ber á ógleði eða uppköstum er mælt með að taka inn velgjuvarnarlyf. Metoclopramid (Afipran®) er velgjuvarnarlyf á töfluformi sem nota má við ógleði. Taka má 10-20 mg eftir þörfum, mest þrisvar á sólarhring. Lyfið getur valdið þreytu og niðurgangi.

Mögulegar aukaverkanir

Meðferðinni geta fylgt margs konar og misalvarlegar aukaverkanir. Hér eru dæmi um þær algengustu. Nánari upplýsingar um lyfin má lesa um í fræðsluefni sem þú færð sent eða afhent.

Mögulegar aukaverkanir

- Hætta á sýkingum og hita vegna fækkunar á hvítum blóðkornum
- Hætta á marblettum og blæðingum vegna fækkunar á blóðflögum
- Þreyta/magnleysi vegna til dæmis fækkunar á rauðum blóðkornum
- Kviðverkir
- Niðurgangur
- Ógleði
- Lystarleysi
- Slímhúðarbólga í munni
- Bjúgur
- Húðútbrot og kláði
- Þurrkur og roði í húð, sérstaklega á höndum og fótum
- Særindi og þurrkur í augum

Mikilvægt er að láta vita um breytingar á líðan. Reglulega verður óskað eftir því að þú svarir ákveðnum spurningum um líðan og aukaverkanir til að hægt sé að bregðast við ef þess er þörf. Hafir þú sögu um kransæðasjúkdóm ertu beðinn um að taka sérstaklega eftir einkennum frá hjarta og láta vita ef þú finnur fyrir brjóstverk.

Meðferðarteymi á dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga

Læknir _____

Hjúkrunarfræðingur _____

Teymistjóri hjúkrunar _____

Símanúmer

Dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga 11B 543 6130